

1. Formaður setur fund

Vignir Demusson, formaður, setur fundinn. 29. Aðalfundur félagsins og gerir tillögu um Kristinn Kristjánsson sem fundarstjóra, sem er samþykkt. Gerð er tillaga um Þórhall Einisson sem fundarritara sem er einnig samþykkt. Kristinn þakkar fyrir traustið og leggur fram dagskrá fundarins sem er hefðbundin. Kristinn bauð því næst formanni að koma upp í pontu og lesa skýrslu stjórnar.

2. Skýrsla stjórnar starfsárið 2022

Vignir fer yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2022 sem er meðfylgjandi og verður henni ekki gerð ítarleg skil hér. Nefndir og stjórn félagsins hefur haft töluvert fyrir stafni síðasta starfsár og ljóst að klúbburinn vex og dafnar ár frá ári. Kristinn þakkaði Vigni fyrir greinargóða og skemmtilega skýrslu. Hann bauð fundargestum að spyrja út í skýrslu stjórnar en engar spurningar komu úr sal. Því næst var skýrsla stjórnar samþykkt samhljóða.

3. Ársreikningur 2022

Kristinn bauð því næst Sveini Ingvasyni að koma upp í pontu til að fara yfir ársreikning félagsins fyrir starfsárið 2022. Ársreikningurinn hefur farið hefðbundna leið í gegnum ferlið en svo vildi til þetta árið að varaskoðunarmaður þurfti að undirrita reikninginn að þessu sinni þar sem báðir skoðunarmenn voru staddir erlendis. Afkoma félagsins hefur verið góð á árinu, aðeins yfir áætlunum og nálægt árinu í fyrra. Starfsmannakostnaður er aðeins yfir áætlunum sem skýrist af auknum starfshlutföllum á velli þetta árið. Hagnaður félagsins á árinu er rúmlega 2,3 milljónir króna. Handbært fé félagsins er rétt rúmar 20 milljónir og eigið fé félagsins rúmar 70 milljónir. Veltufé félagsins frá rekstri er rétt tæpar 7 milljónir. Félagsgjöld félagsins eru rúmlega 9 milljónir sem er örlítið yfir áætlunum. Helstu kostnaðarliðir sem eru að hækka eru tryggingar og verð á olíu, auk áðurnefnds starfsmannakostnaðar. Einn reikningur frá fyrra ári barst seint og var greiddur á árinu fyrir rúmlega 500þús. Ársreikningur félagsins er meðfylgjandi og verður honum ekki gerð frekari skil hér. Kristinn bauð fundargestum að ræða skýrsluna en enginn bað um orðið. Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

4. Félagsgjöld árið 2023

Sveinn Ingvason lagði fram tillögu að félagsgjöldum félagsins sem verða 5% hærrí fyrir árið 2023 en þau voru árið 2022. Tillaga barst frá Erlingi Arthúrssyni um að nýliðar félagsins borgi sama og eldri borgarar og öryrkjar, sem var samþykkt. Tillaga barst frá Hirti Hjartarsyni um að félagsgjöld félagsins hækki um 10% í staðinn fyrir 5%. 7 samþykkir / 5 á móti / 8 sátu hjá.

5. Fjárhagsáætlun ársins 2023

Næst bauð Kristinn Sveini Ingvasyni að koma upp í pontu og gera grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Gert er ráð fyrir 5% aukningu að jafnaði á tekjuhliðinni og sambærilegri umferð um völlinn og í fyrra. Gert er ráð fyrir aukningu í leigu á sal sem á að skila um 500þús króna hækkun í leigutekjum. Á gjaldhliðinni er gert fyrir hækkun á launaliðnum um 6% og hóflegri hækkun á öðrum liðum. Gert er ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á golfvelli og í skála, samtals 23 milljónir. Stjórnin gerir ráð fyrir að aflu styrkja á afmælisárinu sem fari beint í að bæta aðstöðu á golfvelli og í skála. Tekjur af þjónustusamningum eiga að vera sambærilegar og í fyrra og tekjur af golfhermi aukast frá fyrra ári um 100% enda á að gera stóratak í því að laða aðsókn í herminn. Af öðrum stórum liðum er að nefna nýja hitaveitugrind fyrir 1 milljón og ný tæki í eldhús fyrir 1,5 milljón. Steingrímur Ingason steig í pontu og þakkaði stjórn fyrir að skila svona góðri rekstrarniðurstöðu. Hann talaði næst um áburðargjöf og ástand brauta og vallarins, ræktun hans í heild sinni. Hann sagði að sín skoðun væri sú að áburðargjöf væri ábótavant, þetta væri uppsöfnun þörf yfir langt tímabil. Ræktin í velli um í

Hveragerði var mjög góð 2010-2015 og áburðargjöfin þarf að vera regluleg til að skorturinn safnist ekki upp. Hann spurði vallarstjóra út í núverandi áburðargjöf sem gaf greinargóð svör. Hann bar næst upp tillögu að aðalfundur gefi stjórn heimild til að nýta allt að 2 milljónum í áburðargjöf á vellinum næsta ár. Næst kom Auðunn Guðjónsson upp og gerði breytingatillögu um að stjórn yrði veitt heimild að nýta auknar tekjur af félagsgjöldum beint í þennan lið (700þús) sem myndi hækka liðinn áburðarkaup upp í 1.3 milljónir króna. 19 með og enginn á móti. Fjárhagsáætlun samþykkt með 21 atkvæðum.

6. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.

7. Kosningar

Fyrir liggur tillaga að Vignir Demusson verði endurkjörinn til 2ja ára sem samþykkt var einróma. Endurkjörinn formaður tók þá til máls og þakkaði traustið sem honum er veitt. Félagið er á góðri leið og skemmtileg verkefni framundan. Þórhallur Einisson, Inga Dóra Konráðsdóttir og Erlingur Arthursson voru endurkjörin til 2ja ára. Hjörtur, Guðmundur og Arnar Geir endurkjörnir varamann. Skoðunarmenn endurkjörnir til 1 árs. Varamaður skoðunurmanna Kristinn Kristinsson.

8. Viðurkenningar til félagsmanna

Næst tóku til máls formaður og Einar Lyng og veittu viðurkenningar til félagsmanna. Rannveig Einarsdóttir var hæst á stigalista félagsins, Helgi Hannesson hlaut háttvísibikarinn.

9. Önnur mál

Daði kom upp og þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf. Næst minntist hann á eldri borgara nefndina. Eldri borgarar nýttur sér herminn við góðan orðstír. Efla þyrfti samkennd í klúbbnum og passa upp á að nefndir séu vel mannaðar af konum og körlum. Daði sagði að það vantaði loftræstingu í hermísrýmið og að golfbílum klúbbsins væri ábótavant sem skiptir máli fyrir eldri borgara. Steingrímur Ingason kom næstur upp og nefndi fyrst að hann væri til í að lána sinn bíl til félagsmanna ef þess væri þörf. Næst talaði hann um mikilvægi þess að eiga gott félagsheimili. Finna þyrfti leið til þess að allir gætu nýtt sér skálann yfir vetrartímann. Útfæra þyrfti að geta gefið aðgengi að skálanum og lagði fram tillögu að svo gæti orðið. Kristinn tók þá til máls og sagði frá því að hér áður fyrr hefðu allir verið með lykla að skálanum og hann hefði verið byggður fyrir félagsmenn á sínum tíma. Tillagan var síðan samþykkt samhljóða. Sigurður Þráinn tók næstur til máls og þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf og þær framkvæmdir sem hafa litið dagsins ljós síðustu misseri. Næst spurði hann hvað væri planið með íbúðarhúsið sérstaklega þær hliðar sem snúa að vallargestum. Sveinn steig þá í pontu og sagði frá því að það væri verið að skoða hvað hægt væri að gera en það væri margt óljóst með það.

Fundi slitið kl. 20:46